

Samþykktir fyrir Félag áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva FÁSES

Heiti og varnarþing

1. gr.

Félagið heitir Félag áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva (Eurovision Song Contest), skammstafað FÁSES. Heiti félagsins á ensku er OGAE-Iceland og á frönsku OGAE-Islande.

Félagið er frjáls félagasamtök. Heimili og varnarþing félagsins er í Reykjavík.

Tilgangur og hlutverk

2. gr.

Félagið er vettvangur áhugafólks um Söngvakeppni evrópskra sjónvarpsstöðva, hér eftir Eurovision, til að deila áhuga sínum á keppninni í blíðu og striðu. Tilgangur félagsins er að standa að viðburðum sem tengjast keppninni og gera félagsmönnum kleift að deila áhugamálum varðandi keppnina.

Hlutverk félagsins eru einnig að vera upplýsingaveita um Eurovision á Íslandi og vera tengiliður við alþjóðasamfélag áhugafólks um Eurovision.

Félagsaðild

3. gr.

Allir sem hafa áhuga á Eurovision geta gerst félagar í FÁSES. Skilyrði fyrir inngöngu er greiðsla félagsgalda samkvæmt samþykktum þessum. Félagsmenn samþykkja einnig að fara eftir ákvæðum samþykktta þessa.

Við inngöngu í félagið fær hver félagsmaður úthlutað sérstöku félagsnúmeri og félagsskírteini sem endurnýjast í hvert skipti er félagsgjald er greitt eða árlega. Félagsgjöld skulu innheimt í nóvember ár hvert og gilda þau fyrir tímabilið 1. janúar til 31. desember næsta almannanaksárs eftir greiðslu.

Ákveði félagi að segja sig úr féluginu skal erindi þess efnis berast stjórn skriflega fyrir 1. nóvember. Úrsögn tekur gildi strax og erindi hefur borist stjórn. Ekki er mögulegt að fá endurgreidd félagsgjöld ef félagsmaður segir sig úr féluginu á miðju tímabili.

Réttindi og skyldur félagsmanna

4. gr.

Félagsgjöld skulu ákveðin á aðalfundi. Stjórn leggur fram tillögu að félagsgjaldi. Einfaldan meirihluta þarf til að samþykkja gjaldið.

Allir gildir félagar skulu greiða félagsgjöld fyrir 1. nóvember ár hvert fyrir komandi félagsár. Greiði félagi ekki félagsgjöld endurnýjast ekki félagsskírteini hans. Hafi félagi ekki greitt félagsgjöld í þrjú ár missir hann félagsnúmerið sitt og er talið að hann sé ekki lengur meðlimur í félagini.

Innifalið í félagsgjaldi er félagsskírteini, forkaupsréttur á miðum á Eurovision, fréttabréf félagsins, réttur til setu á félagsfundum og forgangur á viðburði sem haldnir eru á vegum félagsins. Félagið áskilur sér rétt til að krefjast greiðslu vegna sérstakra viðburða félagsins í undantekningartilvikum.

5. gr.

Félagsmenn samþykkja að virða mannhelgi og mannréttindi annarra félagsmanna FÁSES sem og annarra systurfélaga erlendis. Félagsmenn skulu virða hvern annan og undir engum kringumstæðum sýna fordóma eða mismuna öðrum félagsmönnum.

Verði félagsmaður uppvísá að því að brjóta gegn samþykktum þessum, eða öðrum landslögum og reglum sem í gildi eru hverju sinni, í starfi sínu innan félagsins er stjórn heimilt að vísa viðkomandi úr félagini án tafar. Slík frávísun skal berast viðkomandi félagsmanni skriflega.

Stjórn

6. gr.

Í stjórn skulu kosnir 5 aðalmenn, formaður, gjaldkeri, ritari, alþjóðafulltrúi og kynningar- og viðburðarstjórnandi. Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli aðalfunda. Kjörtímabil stjórnar er tvö ár. Á stofnundi skulu formaður og ritari vera kosnir til tveggja ára en gjaldkeri, alþjóðafulltrúi og kynningar- og viðburðarstjórnandi til eins árs. Á fyrsta aðalfundi eftir stofnfund verður því aðeins kjörið í embætti gjaldkera, alþjóðafulltrúa og kynningar- og viðburðarstjórnanda og þá til tveggja ára. Á öðrum aðalfundi félagsins verða aðeins kjörnir formaður og ritari. Á þriðja aðalfundi verður kjörið í embætti gjaldkera, alþjóðafulltrúa og kynningar- og viðburðarstjórnanda og áfram koll af kolli þannig að aldrei sé kjörið um öll sæti á sama fundi.

Berist ekki framboð í öll embætti er stjórn heimilt að skipta í stöður og/eða gera breytingar á stjórn eftir þörfum.

Kjörgengir til stjórnar eru allir félagsmenn sem greitt hafa félagsgjald. Meirihluti stjórnar skal þó alltaf vera 18 ára eða eldri enda ber hún ábyrgð á fjárrreiðum félagsins.

Formaður boðar stjórnarfundi, undirbýr þá og stýrir þeim. Ritari tekur við verkefnum formanns í fjarveru hans. Stjórnarfundir skulu vera haldnir að minnsta kosti sex sinnum á ári.

Meginverkefni stjórnar skulu vera:

- a. Að halda utan um skráningu félagsmanna, innheimta félagsgjöld og gera félagsmönnum kleift að nálgast miða á Eurovision keppnir í samstarfi við OGAE international.
- b. Að koma fram fyrir hönd félagsins og sjá um almenn samskipti fyrir hönd félagsins.
- c. Útgáfa fréttabréfa um málefni félagsins og starfræksla heimasiðu félagsins.
- d. Að hafa umsjón með fjárrreiðum félagsins.
- e. Að ráða fram úr öðrum málum er varða starfsemi félagsins eða félagsmanna að öðru leyti.

Aðal- og félagsfundir

7. gr.

Æðstavald í málefnum félagsins er í höndum aðalfundar og löglegra félagasfunda. Allir félagar sem greitt hafa félagsgjöld eiga rétt á að sækja aðlfundi og aðra félagsfundi með málfrelsi, tillögu og atkvæðarétt. Hver félagsmaður fer með eitt atkvæði. Ekki er heimilt að framselja atkvæði sitt til annars aðila. Auk þess hafa félagslegir skoðunarmenn seturrétt á fundinum og njóta þar málfrælis og tillöguréttar séu þeir ekki félagar. Stjórn félagsins er heimild að bjóða gestum á aðlfundi og aðra félagsfundi og njóta þeir þá málfrælsis á fundunum.

8. gr.

Aðalfundur skal haldin í kringum mánaðarmótin október/nóvember en eigi síðar en 15. nóvember ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með tölvupósti til félagsmanna, á heimasiðu félagsins eða með almennum pósti með að minnsta kosti 14 daga fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað samkvæmt samþykktum þessum. Gögn sem leggja á fyrir fundinn skulu berast félagsmönnum eigi síðar en 5 dögum fyrir aðalfund.

Á aðalfundum skal taka eftirfarandi mál fyrir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar kynnt og tekin til umræðu
3. Reikningar félagsins kynntir, teknir til umræðu og kosninga.
4. Lagabreytingar
5. Kosning til stjórnar
6. Kosning félagslegara skoðunarmanna
7. Önnur mál.

Stjórn er heimilt að setja aðra liði á dagskrá aðalfundar telji hún það nauðsynlegt.

9. gr.

Allir félagar geta óskað eftir því að félagsfundir séu haldnir. Félagsfundir eru einungis löglegir ef að minnsta kosti 1/3 félagsmanna hafa óskað eftir slíkum fundi og löglega er til hans boðað samkvæmt samþykktum þessum. Sömu reglur gilda um boðun félagsfunda og aðalfunda að því undanskyldu að félagsfund þarf ekki að boða nema með að minnsta kosti 7 daga fyrirvara.

Fjármál

10. gr.

Reikningsár félagsins skal vera almanaksárið. Ársreikninga skal gera fyrir félagið og skulu þeir yfirfarnir af félagslegum skoðunarmönnum. Stjórn er heimilt senda reikninga félagsins til löggilts endurskoðanda telji hún þörf á því.

11. gr.

Aðalfundur kýs tvo félagslega skoðunarmenn reikninga til eins árs í senn. Félagslegir skoðunarmenn fara yfir reikninga félagsins og kanna bókhaldsgögn þess. Skýrsla félagslegara skoðunarmanna skal vera hluti af ársreikningi félagsins.

Breytingar á samþykktum

12. gr.

Samþykktum þessum verður eingöngu breytt á löglegum aðalfundi með samþykki 2/3 hluta félagsmanna. Allar tillögur að breytingum skulu berast stjórn félagsins að minnsta kosti 10 dögum fyrir aðalfund og skal stjórn tryggja að breytingatillögur séu sendar út með fundargönum.

Félagsslit

13. gr.

Ákvörðun um slit á féluginu skal tekin á löglegum aðalfundi eða félagsfundi. Fundurinn skipar þrjá einstaklinga til að fara með slit á féluginu og hvernig skuli ráðstafa eignum þess. Eignir félagsins skulu aldrei renna til félagsmanna heldur skal leitast við að ráðstafa eignum til málefnis við hæfi.

Gildistími

14. gr.

Samþykktir þessar öðlast gildi á stofnfundi samtakanna.

Ákvæði til bráðabirgða

Frá og með stofnfundi situr 6 manna bráðabirgðastjórn sem fer með réttindi og skyldur félagsins samkvæmt samþykktum þessum. Bráðabirgðastjórn situr fram að fyrsta aðalfundi félagsins sem halda ber fyrir 15. nóvember 2012.

Bráðabirgðastjórn samanstendur af formanni, ritara, gjaldkera, alþjóðafulltrúa, kynningarfulltrúa og viðburðarstjórnanda.

Þannig samþykkt í Reykjavík 4.ágúst 2011.

Eyrún Ellý Valsdóttir

Eyrún Ellý Valsdóttir
Formaður

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz

Hildur Tryggvadóttir Flóvenz
Ritari

Auður Geirs dóttir

Auður Geirs dóttir
Gjaldkeri

Flosi Jón Ólafsson

Flosi Jón Ólafsson
Alþjóðafulltrúi

Haukur Johnson

Haukur Johnson
Kynningarfulltrúi

Alma Tryggvadóttir

Alma Tryggvadóttir
Viðburðarstjórnandi